

Hagsmunatrygging fyrir fiskiskip sem eru stærri en 100 rúmlestir

Skilmáli nr. M-10

- 1. gr. Tryggingarhæfir hagsmunir**
Þessi váttrygging er hrein hagsmunatrygging og samþykkir félagið að váttryggður eigi tryggingarhæfa hagsmuni, er nema því váttryggingarverði, sem ákveðið er í 3. gr.
- 2. gr. Hið váttryggða**
Hið váttryggða eru þeir hagsmunir váttryggðs, sem bundnir eru við útgerð skipsins.
- 3. gr. Váttryggingarverð**
Í byrjun hvers váttryggingartímabils skulu váttryggingartaki og félagið koma sér saman um váttryggingarverðið, en það má þó ekki vera hærra en 1/5 hluti af váttryggingarverði skipsins eins og það er ákveðið samkvæmt 3. grein húftryggingarskírteinisins.
- 4. gr. Bótasvið**
Félagið greiðir bætur þegar algert tjón verður á skipinu, sbr. 20. gr. húftryggingarskírteinisins.
- 5. gr. Upphæð tjónabóta**
Ef skipið verður fyrir algeru tjóni, sbr. 20. gr. húftryggingarskírteinisins, bætir félagið hagsmunatjónið með því að greiða váttryggingarverðið.
- 6. gr. Viðbótariðgjöld**
Ef félagið á rétt á viðbótariðgjaldi samkvæmt húftryggingarskírteininu vegna framlengingar váttryggingarinnar, aukinnar áhættu o.fl., ber því einni hlutfallslegt viðbótariðgjald vegna þessarar váttryggingar.
- 7. gr. Almenn ákvæði**
Um váttryggingu þessa gildir allt hið sama og um húftrygginguna, eftir því sem við á, nema annað sé fram tekið.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2006